

Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2008

Export and export production of marine products 2008

Samantekt Árið 2008 nam verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 181 milljarði króna og jókst um 42,3% frá fyrra ári. Framleiðslan mæld á föstu verði dróst hins vegar saman um 1,5%. Fluttar voru út sjávarafurðir að verðmæti 171,3 milljarðar króna og jókst verðmæti þeirra milli ára um 34,3% en í magni um 12,5%. Útflutt afurðaverðmæti allra aflattegunda nema skel- og krabbadýra og flatfisks jókst frá fyrra ári. Líkt og undanfarin ár skiluðu frýstar afurðir um helmingi útflutningsverðmætis. Af einstökum afurðum vóg verðmæti blautverkaðs saltfisks úr þorski mest, 14 milljarða króna. Af heildarútflutningi sjávarafurða fór 79% til Evrópska efnahagssvæðisins, 6,3% til Asíu og 5,6% til Norður-Ameríku.

Magn útfluttra sjávarafurða

Útflutningur sjávarafurða jókst um 77 þúsund tonn

Á milli árána 2007 og 2008 jókst útflutningur sjávarafurða alls um rúm 77 þúsund tonn eða 12,5%. Árið 2008 voru flutt út 697 þúsund tonn samanborið við 620 þúsund tonn árið áður.

Tæp 252 þúsund tonn voru flutt út af botnfiskafurðum, þar af námu þorskafurðir 88 þúsund tonnum en voru árið áður 100 þúsund tonn. Útfluttar afurðir flatfisktegunda námu rúmum 18 þúsund tonnum árið 2008 samanborið við tæp 17 þúsund tonn árið 2007. Afurðir grálúðu vega þyngst í flatfiskafurðum og nam hlutur hennar tæpum 9 þúsund tonnum sem er um þúsund tonnum meira en árið áður.


Hlutur uppsjávartegunda var 47% af heildarútflutningi sjávarafurða og nam tæpum 329 þúsund tonnum, sem er um 16 þúsund tonna magnaukning frá árinu 2007. Síldarafurðir skipuðu stærstan sess í útflutningi uppsjávartegunda líkt og árið áður, en þær voru um 184 þúsund tonn, sem er rúmlega 30 þúsund tonna aukning frá árinu áður. Samdráttur varð í útflutningi loðnuafurða á milli árána 2007 og 2008. Samtals voru flutt út 77 þúsund tonn af loðnuafurðum árið 2008 samanborið við 100 þúsund tonn árið áður. Vert er að benda á að töluvert magn af fiskmjöli er ekki tegundaskipt í útflutningsskýrslum og flokkast því utan aflattegunda. Þetta mjöl er að stærstum hluta uppsjávartegunda og var rúmlega 41 þúsund tonn flutt út af því. Að sama skapi ber að skoða tölur um útflutning á mjöli einstakra tegunda með fyrirvara þar sem blöndun afurða á sér stað í vinnsluferli þeirra.

Útflutningur skel- og krabbadýra nam 20 þúsund tonnum, sem er rúmlega 2 þúsund tonna aukning frá árinu 2007. Stærsti hluti þess útflutnings voru tæplega 18 þúsund tonn af rækju.



Mynd 1. Magn útfluttra sjávarafurða 1994–2008

Figure 1. Quantity of exported marine products 1994–2008



Verðmæti útfluttra sjávarafurða

Verðmæti jókst um 44 milljarða króna

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2008 nam 171,3 milljörðum króna og er það aukning um tæpa 44 milljarða, eða um 34,3%, frá fyrra ári. Hlutdeild sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins fer enn minnkandi, var 36,7% samanborið við 41,8% árið 2007.

Mynd 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða 1994–2008

Figure 2. Value of exported marine products 1994–2008




*Botnfiskafurðir 65% af
verðmæti*

Afurðir botnfisks eru tæp 65% af verðmæti sjávarafurða eða tæpir 111 milljarðar og eykst verðmæti botnfisks um 25,6% milli ára. Hlutur þorskafurða er stærstur, en útflutningsverðmæti þeirra nam tæpum 60 milljörðum og jókst um 20,4% milli ára. Útflutningsverðmæti ýsuafurða jókst úr tæpum 17 milljörðum 2007 í tæpa 20 milljarða árið 2008 eða um 19,9%.

Mynd 3. Hlutur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings 1998–2008

Figure 3. The share of exported marine products of total value of exported goods 1998–2008



Útflutningsverðmæti flatfiskegunda var 8 milljarðar á árinu 2008 en 5,5 milljarðar króna árið áður. Grálúðan var verðmætust flatfiskegunda og nam útflutningsverðmæti hennar 3,9 milljörðum króna árið 2008 á móti 2,3 milljörðum króna árið 2007.

*Útflutningsverðmæti
síldarafurða jókst um 99%*

Hlutur uppsjávartegunda af útflutningsverðmæti sjávarafurða var 17%, eða 22 milljarðar króna. Af einstökum tegundum var útflutningsverðmæti síldarafurða hæst og nam 18,8 milljörðum sem er 99% aukning frá fyrra ári. Verðmæti loðnuafurða jókst um 18,4% eða um tæpa 2 milljarða frá árinu 2007 og nam 11,7 milljörðum króna árið 2008. Útflutningsverðmæti kolmunnaafurða var 3,4 milljarðar króna, sem er aukning frá fyrra ári um 0,6 milljarða króna. Verðmæti blandaðs fiskmjöls var 4 milljarðar króna árið 2008.


Útflutningsverðmæti afurða skel- og krabbadýra nam 11,6 milljörðum króna og jókst um 3,6 milljarða frá árinu 2006. Verðmæti rækjuafurða námu 9,2 milljörðum króna árið 2008 en 7,9 milljörðum króna árið 2007.

*Hlutfall ísaðra afurða af heild
enn að aukast*

Af einstökum afurðaflokkum skilaði frýsting um helmingi alls útflutningsverðmætis eða 84,9 milljörðum króna sem er tæplega 22 milljarða krónu aukning frá árinu 2007. Útflutningsverðmæti ísaðra fiskafurða hefur verið að aukast undanfarin ár og verðmæti þeirra jukust um rúma 9 milljarða námu 24 milljörðum króna. Þetta er fjórða árið í röð sem verðmæti ísaðra afurða eru meiri en saltaðra, en verðmæti þeirra urðu um 25 milljarðar króna. Hlutfall ísaðra afurða af útflutningsverðmæti var um 20% en hlutur saltaðra afurða nam tæpum 15%. Útflutningsverðmæti mjöls og lýsis námu 13% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og skiluðu 22,3 milljörðum króna í útflutningstekjur en 14,6 milljörðum árið 2007.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1994–2008

Figure 4. Percentage share of the value of exported marine products by product categories 1994–2008



Blautverkaður saltfiskur úr þorski skilaði mestu útflutningsverðmæti, sem nam 14 milljörðum króna, þá fryst rækja sem skilaði 8,8 milljörðum, landfryst þorskflök gáfu 7 milljarða króna og ný kæld eða ísvarin þorskflök 6,8 milljarða.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða umreiknað í Bandaríkjadali var 1.950 milljónir á árinu 2007 og dróst saman um 48 milljónir eða 2,4% frá fyrra ári. Krónan veiktist á árinu og hækkaði meðalverð á dollara um 38% á árinu 2008 miðað við fyrra ár og í heild hækkaði meðalverð gjaldmiðla um 41% á árinu.

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða

Samdráttur í verðmæti útflutningsframleiðslu mælt á föstu verði um 1,5%


Útflutningsframleiðsla sjávarafurða jókst um 42,3% frá árinu 2007. Sé útflutningsframleiðslan hins vegar metin á föstu verði ársins 2004 er um samdrátt að ræða sem nemur 1,5%. Til útflutningsframleiðslu sjávarafurða teljast hvorki afurðir fiskeldis né niðurlagðar sjávarafurðir.

Verðmæti útflutningsframleiðslu 127 milljarðar króna

Heildarverðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu 2008 nam 181 milljarði króna en framleiðsla ársins 2007 nam 127 milljörðum. Framleitt magn nam 694 þúsund tonnum árið 2008 en var 627 þúsund tonn árið 2007.


Mynd 5. Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 2007 og 2008

Figure 5. Value of export production of marine products 2007 and 2008



Mynd 6. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2007 og 2008

Figure 6. Export production of marine products 2007 and 2008



Af einstökum afurðum jukust verðmæti ísaðra afurða um 37,3% en aukning í magni var 43,3%. Verðmæti frystra afurða jókst um 47,5% og aukning í magni var 1,8%. Framleiðsluverðmæti saltaðra og hertra afurða jókst um 16,6%, en magn dróst saman um 16,8%. Framleiðsluverðmæti mjöls og lýsis jókst um 67,6% og magn þeirra jókst um 4,6%.

Skipting útflutnings eftir markaðssvæðum og ríkjum


Útflutningsverðmæti innan EES jókst um 4,7%

Sem fyrr er Evrópska efnahagssvæðið (EES) mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2008 voru fluttar út þangað afurðir að verðmæti 135 milljarðar króna sem er 79% af útflutningsvirði sjávarafurða. Verðmæti útfluttra sjávarafurða til EES-landa jókst um 33 milljarða króna eða 32,5% milli ára. Útflutningur til Asíu nam 10,8 milljörðum króna eða um 6,3% af heildarútflutningsvirði sjávarafurða. Útflutningur til Norður-Ameríku jókst um 20,5% frá 2007, var 9,6 milljarðar árið 2008 sem er 5,6% hlutdeild.

Bretland er mikilvægasta viðskiptalandið. Fluttar voru út vörur þangað fyrir 42,7 milljarða króna eða sem nemur 25% af útflutningsverðmæti 2008. Til Spánar voru seldar afurðir fyrir 15,7 milljarða eða sem nemur 9,1% útflutningsverðmætis. Þar á eftir komu Noregur, Holland, Bandaríkin og Portúgal.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir markaðssvæðum 1998–2008

Figure 7. Percentage share of the value of exported marine products by market areas 1998–2008




Verðvísitala sjávarafurða

Á myndum 8 til 11 má sjá þróun afurðaverðs á botnfiski og síld eftir vinnslu- aðferðum, auk verðvísitölu mjöls og lýsis af uppsjávarfiski ásamt verðvísitölu rækju. Er hér byggt á mánaðartölum frá byrjun árs 2006 en í janúar 2007 urðu breytingar á birtum tölum Hagstofunnar yfir verðvísitölu sjávarafurða. Voru meginbreytingar þær að útreikningar á verðvísitölu sjávarafurða voru lagaðar að útreikningsaðferðum vísitölu framleiðsluverðs. Nú fer verðsöfnun í sjávarútvegs- fyrirtækjum fram á sama hátt og tíðkast hjá öðrum fyrirtækjum í úrtaki Hagstof- unnar. Gögnin sem berast eru tæmandi fyrir viðskipti fyrirtækjanna sem þátt taka í hverjum mánuði og er því hægt að fylgjast bæði með verðþróun og þróun á fram- leiðslumagni. Ná þessar breytingar allt aftur til ársins 2006.


Mynd 8. Verðvísitala botnfisks 2006–2008 (janúar 2006=100)

Figure 8. Price index of demersal catch 2006–2008 (January 2006=100)




Mynd 9. Verðvísitala skelfisks 2006–2008 (janúar 2006=100)


Figure 9. Price index of shellfish 2006–2008 (January 2006=100)



Mynd 10. Verðvísitala mjöls og lýsis af uppsjávarfiski (janúar 2006=100)
 Figure 10. Price index of meal and oil from pelagic fish (January 2006=100)



Mynd 11. Verðvísitala síldar 2006–2008 (janúar 2006=100)
 Figure 11. Price index of herring 2006–2008 (January 2006=100)



Tafla 1. Magn útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1979–2008¹
Table 1. Quantity of exported marine products by product categories 1979–2008¹

Tonn <i>Tonnes</i>	Alls útflutt <i>Total</i>	Fryst <i>Frozen</i>	Saltað <i>Salted</i>	Ísað <i>Fresh and chilled</i>	Hert <i>Dried</i>	Mjöl/lýsi <i>Meal/fish oil</i>	Lagmeti <i>Canned goods</i>	Annað <i>Other</i>
1979	565.823	146.304	69.905	44.523	3.280	298.098	1.832	1.881
1980	550.113	144.223	75.810	58.202	12.625	253.161	1.939	4.153
1981	495.220	133.237	82.371	35.134	18.988	213.675	1.740	10.075
1982	367.707	131.562	79.627	38.341	4.270	102.461	2.431	9.015
1983	335.417	145.588	71.495	44.021	6.463	51.540	2.867	13.443
1984	489.119	146.295	70.729	67.735	1.306	194.903	3.391	4.760
1985	698.014	156.063	77.992	165.075	1.103	287.620	3.773	6.388
1986	718.727	167.980	77.710	152.968	7.167	292.464	3.807	16.631
1987	642.220	177.090	89.847	119.641	7.282	232.758	3.942	11.660
1988	693.516	159.176	90.803	151.963	3.517	276.816	3.805	7.436
1989	652.768	190.474	79.760	176.763	4.731	185.880	3.560	11.600
1990	623.353	190.766	76.343	139.949	6.594	199.090	3.858	6.753
1991	471.646	193.970	61.929	95.667	6.386	99.624	2.576	11.494
1992	569.979	190.365	51.340	89.620	6.370	210.286	2.785	19.213
1993	635.368	201.971	50.270	75.192	6.785	275.362	2.709	23.079
1994	640.109	244.526	60.486	62.277	6.173	263.033	2.812	802
1995	607.512	224.375	59.795	47.868	6.094	264.654	2.121	2.605
1996	783.243	269.550	66.786	48.131	7.865	387.685	2.980	245
1997	794.981	280.458	61.306	55.413	10.325	382.064	3.893	1.522
1998	718.729	271.893	61.400	43.395	10.704	323.826	3.635	3.876
1999	688.071	194.539	64.160	70.464	10.569	329.191	3.216	15.932
2000	728.410	193.080	63.381	110.648	11.150	331.813	2.909	15.429
2001	781.632	211.988	61.408	117.432	11.767	359.709	2.610	16.717
2002	806.839	250.430	57.575	95.533	13.862	367.757	2.643	19.038
2003	808.958	260.292	52.922	105.285	13.239	355.048	–	22.173
2004	827.537	313.815	54.917	96.220	15.399	321.147	–	26.040
2005	754.514	330.028	49.732	89.993	14.935	245.694	–	24.133
2006	661.197	317.096	48.848	87.275	14.748	166.600	–	26.631
2007	619.534	285.631	47.662	77.959	13.312	184.281	–	10.690
2008	696.897	300.345	38.565	111.688	12.752	202.078	–	31.469

¹ Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og því innihalda heildartölur ekki afurðir í loftþéttum umbúðum frá og með árinu 2003. *From 2003 canned goods are not included in total numbers.*

Tafla 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1979–2008²Table 2. Value of exported marine products by product categories¹ 1979–2008²

Millj. kr. <i>Million ISK</i>	Alls millj. kr. <i>Million ISK, total</i>	Fryst <i>Frozen</i>	Saltað <i>Salted</i>	Ísað <i>Fresh and chilled</i>	Hert <i>Dried</i>	Mjöl/lýsi <i>Meal/ fish oil</i>	Lagmeti <i>Canned goods</i>	Annað <i>Other</i>	Alls millj. USD <i>Million USD, total</i>
1979	211.040	110.437	40.458	11.645	5.063	39.483	3.052	902	599
1980	338.808	151.162	70.998	21.768	33.533	52.778	4.880	3.691	707
1981	5.179	2.064	1.274	199	813	666	64	101	715
1982	6.508	3.337	1.851	391	315	382	157	75	520
1983	13.049	7.701	2.755	743	742	466	381	260	522
1984	16.332	9.132	3.252	1.079	92	2.231	505	41	516
1985	25.940	14.102	4.816	2.600	184	3.498	713	27	626
1986	35.472	18.827	6.878	4.038	900	3.709	842	279	864
1987	41.435	21.119	10.004	4.959	1.082	2.976	1.113	182	1.073
1988	45.158	21.272	10.551	6.082	717	5.050	1.332	154	1.048
1989	58.303	29.454	11.556	9.195	1.252	4.932	1.494	419	1.020
1990	72.351	37.864	14.151	11.987	1.245	5.124	1.714	265	1.243
1991	75.032	44.026	15.061	10.369	964	2.829	1.340	444	1.271
1992	71.308	42.154	12.021	8.390	794	5.766	1.399	785	1.240
1993	76.092	46.737	10.912	7.620	975	7.535	1.521	792	1.123
1994	87.540	55.699	13.410	8.047	779	7.579	1.779	249	1.254
1995	85.734	53.686	13.892	6.977	669	8.295	1.521	694	1.325
1996	95.061	54.581	16.023	7.457	1.230	13.993	1.566	209	1.429
1997	96.498	53.286	15.573	7.992	1.580	15.838	1.919	310	1.363
1998	101.922	55.411	17.858	8.606	1.551	16.436	1.791	268	1.437
1999	99.348	54.676	20.211	10.341	1.302	10.993	1.481	344	1.376
2000	95.744	50.364	19.886	11.344	1.516	11.196	1.246	192	1.217
2001	123.350	61.648	25.972	14.586	2.396	17.051	1.304	392	1.265
2002	129.803	66.084	22.936	14.288	3.003	21.871	1.211	409	1.423
2003	113.693	57.811	20.477	14.816	2.611	17.627	–	351	1.501
2004	121.746	61.411	21.277	19.363	3.178	16.002	–	514	1.740
2005	110.130	57.621	18.088	19.938	2.889	11.233	–	361	1.756
2006	124.375	63.071	20.536	24.338	3.103	12.867	–	460	1.787
2007	127.619	63.102	21.807	24.776	2.956	14.613	–	365	1.998
2008	171.349	84.859	25.021	34.015	4.243	22.386	–	824	1.950

¹ Á verðlagi hvers árs. *At current prices.*² Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og því innihalda heildartölur ekki afurðir í loftþéttum umbúðum frá og með árinu 2003. *From 2003 canned goods are not included in total numbers.*

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða¹ eftir markaðssvæðum og löndum 2000–2008Table 3. Value of exported marine products¹ by market area and country 2000–2008

Millj. kr. á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samtals Total	94.498,4	122.045,5	128.591,5	113.692,7	121.745,7	110.130,1	124.375,0	127.618,2	171.348,7
EES EEA	67.914,6	92.709,2	96.227,0	89.049,6	94.247,6	85.601,9	97.543,7	102.082,6	135.250,5
Austurríki <i>Austria</i>	1,9	9,0	6,5	9,1	2,3	5,3	6,1	6,5	–
Belgía <i>Belgium</i>	1.999,4	2.520,9	2.773,6	2.935,1	3.440,1	3.720,6	4.407,0	4.166,8	5.599,3
Bretland <i>United Kingdom</i>	23.745,2	30.925,4	31.391,2	28.795,0	32.499,7	28.512,1	31.148,8	34.635,9	42.691,3
Danmörk <i>Denmark</i>	4.860,5	6.369,7	6.908,0	7.245,3	6.273,2	4.803,7	4.726,0	6.458,7	7.738,1
Eistland <i>Estonia</i>	13,4	4,3	26,2	28,6	30,2	5,2	14,0	33,7	67,9
Finnland <i>Finland</i>	622,4	975,8	1.454,4	899,3	594,3	450,5	400,0	896,2	512,5
Frakkland <i>France</i>	5.797,0	6.567,8	6.532,1	6.230,6	7.060,2	5.710,9	6.810,7	5.688,8	7.070,9
Grikkland <i>Greece</i>	899,3	1.066,4	1.441,5	2.068,4	2.278,7	1.303,7	2.122,8	1.837,3	2.355,3
Holland <i>Netherlands</i>	3.425,7	5.080,6	5.619,0	5.915,8	5.571,9	5.937,5	8.647,7	9.136,4	10.791,8
Írland <i>Ireland</i>	155,0	113,3	31,1	58,2	70,6	196,7	505,9	524,2	952,7
Ítalía <i>Italy</i>	1.330,3	1.836,0	1.140,1	1.874,3	1.814,3	1.504,3	1.602,0	1.329,3	2.333,9
Kýpur <i>Cyprus</i>	0,0	2,6	0,1	4,8	17,0	14,0	19,0	20,0	17,1
Lettland <i>Latvia</i>	41,2	457,7	437,4	84,8	100,3	241,7	130,4	29,2	105,5
Litháen <i>Lithuania</i>	251,8	746,5	1.383,0	1.265,8	1.834,4	2.382,2	3.215,2	2.688,4	5.586,4
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	11,4	12,9	13,5	17,2	22,4	9,4	26,0	26,6	7,2
Noregur <i>Norway</i>	4.163,0	6.977,4	6.981,9	5.564,5	4.360,3	3.360,2	6.029,1	6.999,3	13.390,6
Portúgal <i>Portugal</i>	8.289,5	10.593,5	8.742,8	6.774,1	6.599,1	4.825,0	5.108,9	7.216,8	8.386,6
Pólland <i>Poland</i>	220,6	910,2	1.275,0	1.026,6	2.254,9	3.600,6	1.536,3	1.272,7	2.831,9
Slóvenía <i>Slovenia</i>	8,9	8,6	7,8	6,0	2,6	0,1	1,8	0,1	–
Spánn <i>Spain</i>	6.338,1	9.841,2	10.072,6	10.595,8	12.465,3	12.676,8	14.156,5	12.832,9	15.672,2
Svíþjóð <i>Sweden</i>	578,9	1.303,1	1.404,0	978,7	845,3	653,1	604,8	656,7	1.193,2
Þýskaland <i>Germany</i>	5.160,9	6.386,2	8.585,5	6.671,7	6.110,6	5.688,2	6.324,7	5.625,6	7.946,0
Önnur EES-lönd <i>Other EEA countries</i>	–	–	–	–	–	1,1	–	–	–
Önnur Evrópulönd									
Other European Countries	799,5	1.580,9	1.674,7	1.588,9	3.262,7	2.998,3	4.711	5.652	8.811
Færeyjar <i>Faroe Islands</i>	325,2	513,3	494,2	528,9	466,4	346,0	949,7	387,4	1.063,5
Grænland <i>Greenland</i>	44,2	86,6	130,8	41,9	43,1	61,6	65,4	67,2	69,0
Króatía <i>Croatia</i>	12,0	15,2	22,9	46,2	29,1	81,2	165,3	85,3	129,7
Rússland <i>Russia</i>	148,5	336,5	381,5	320,3	1.767,7	1.391,4	2.436,7	2.969,0	3.797,9
Sviss <i>Switzerland</i>	116,5	122,4	137,3	143,3	219,8	296,8	335,0	402,4	474,2
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	152,9	506,9	508,1	508,5	736,6	821,2	758,5	1.740,7	3.276,5
Asía Asia	9.400,2	8.883,9	9.665,6	7.954,2	7.943,5	8.018,7	8.383,0	7.747,5	10.815,9
Hong Kong <i>Hong Kong</i>	46,5	46,5	124,6	134,6	95,9	85,0	550,5	347,5	206,8
Ísrael <i>Israel</i>	84,2	81,9	250,8	139,9	53,7	40,9	44,7	15,0	25,5
Japan <i>Japan</i>	7.049,5	5.987,4	6.047,9	5.354,2	5.344,2	5.301,0	4.089,1	4.043,1	6.503,6
Kína <i>China</i>	584,1	826,8	1.268,6	1.273,8	1.070,9	1.635,0	2.698,4	1.982,8	2.460,9
Malasía <i>Malaysia</i>	21,1	25,4	17,5	15,5	14,8	25,9	19,0	12,3	33,5
Singapúr <i>Singapore</i>	5,8	1,2	0,0	2,6	11,0	40,9	0,0	5,2	12,3
Tailand <i>Thailand</i>	38,6	60,0	116,6	96,8	89,1	30,3	54,6	113,7	145,6
Taívan <i>Taiwan</i>	1.346,7	1.660,5	1.555,7	790,9	955,4	470,1	111,9	112,1	500,4
Önnur Asíulönd <i>Other Asian countries</i>	223,7	194,0	283,9	146,0	308,5	389,7	814,9	1.115,8	927,5

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða¹ eftir markaðssvæðum og löndum 2000–2008 (frh.)
 Table 3. Value of exported marine products¹ by market area and country 2000–2008 (cont.)

Millj. kr. á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Afrika <i>Africa</i>	1.188,9	2.341,5	3.041,8	2.948,8	3.488,5	3.252,8	3.843,9	3.739,6	5.497,1
Nígíría <i>Nigeria</i>	1.184,1	2.292,0	3.038,9	2.944,2	3.475,6	3.245,5	3.837,0	3.720,8	5.442,9
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	4,8	49,5	2,8	4,6	12,9	7,3	6,9	18,7	54,2
N-Ameríka <i>N-America</i>	14.711,8	15.951,1	17.479,4	11.739,8	12.462,1	9.965,6	9.468,3	7.947,2	9.573,2
Bandaríkin <i>United States</i>	13.122,9	14.503,7	16.302,0	10.974,4	11.497,5	9.468,5	8.847,8	7.341,7	8.448,6
Kanada <i>Canada</i>	1.578,4	1.398,7	1.160,7	758,5	948,9	487,7	602,8	587,8	1.102,0
Mexíkó <i>Mexico</i>	10,5	48,7	16,7	6,8	15,7	9,5	17,6	17,7	22,6
S-Ameríka <i>S-America</i>	414,0	530,2	454,6	358,9	281,5	238,0	345,0	317,1	933,7
Brasilía <i>Brazil</i>	22,0	68,0	47,0	7,6	31,1	29,7	104,2	220,7	506,0
Önnur S-Ameríkulönd <i>Other S-American countries</i>	392,0	462,3	407,6	351,2	250,3	208,4	240,8	96,4	427,7
Eyjaálfa <i>Oceania</i>	69,4	48,8	48,4	52,5	60,0	53,7	80,5	132,1	467,5
Ástralía <i>Australia</i>	63,8	48,8	48,4	52,5	57,1	44,4	68,0	77,9	279,3
Önnur Eyjaálfalönd <i>Other Oceanic countries</i>	5,6	–	–	–	2,9	9,2	12,5	54,2	188,3

¹ Tekin hefur verið upp ný tollnúmeraflokkun og innihalda tölur frá árinu 2000 því ekki sjávarafurðir í loftþéttum umbúðum eða afurðir úr fiskeldi. Data from year 2000 is classified by HS numbers and do not contain preserved products or products from fish farming.

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2007 og 2008¹
Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories 2007 and 2008¹

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2007		2008	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í milljónum króna fob. <i>Value in million ISK, fob</i>				
Útflutt alls <i>Marine products, total</i>	619.534,0	127.618,6	696.897,3	171.348,7
Uppsjávarafli alls <i>Pelagic catch, total</i>	284.542,7	22.025,7	328.801,7	34.764,2
Síld alls <i>Herring, total</i>	140.660,8	9.413,2	183.617,6	18.762,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	755,2	24,1	5.716,3	313,2
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	0,0	0,0	23,6	3,0
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	0,0	0,0	2,5	0,2
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	8.100,8	477,7	15.138,0	1.711,3
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	6.613,0	320,2	14.141,7	1.280,9
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	10.560,6	755,7	10.056,7	1.085,3
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	34.148,4	2.223,9	44.367,3	4.254,1
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	340,1	186,9	28,2	2,7
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	2.755,6	360,2	2.158,1	409,6
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	35.842,3	2.846,6	59.402,6	5.474,5
Lýsi <i>Fish oil</i>	41.544,8	2.217,9	32.582,6	4.227,3
Loðna alls <i>Capelin, total</i>	103.853,2	9.877,6	77.228,1	11.694,2
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	0,0	0,0	1.652,8	1.395,7
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	25.123,8	1.291,5	11.168,4	651,3
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	0,0	0,0	166,8	6,7
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	29.573,2	1.771,2	25.743,5	1.659,3
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	15.126,8	4.052,4	11.603,5	5.119,8
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	8,5	2,6	171,9	104,2
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	24.978,4	2.284,0	14.681,2	1.237,3
Lýsi <i>Fish oil</i>	9.042,5	475,9	12.040,0	1.519,9
Kolmunnur alls <i>Blue whiting, total</i>	38.552,5	2.708,6	45.846,6	3.369,8
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	8.795,9	210,3	15.315,4	756,5
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	–	–	1.216,7	62,7
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets, n.e.s.</i>	–	–	20,9	5,9
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	29.756,6	2.498,3	29.293,6	2.544,7
Makrill alls <i>Mackerel, total</i>	54,2	4,2	3.583,1	606,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	0,0	0,0	0,0	0,0
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	54,2	4,2	3.583,1	606,0
Annar uppsjávarfiskur alls <i>Other pelagic fish, total</i>	1.422,1	22,0	18.526,4	332,2
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	0,0	0,0	20,3	4,8
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	1.422,1	22,0	18.506,2	327,4
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	–	–	–	–
Botnfiskafli alls <i>Demersal catch, total</i>	255.533,0	88.305,7	251.673,1	110.920,6
Þorskur alls <i>Cod, total</i>	100.375,8	49.433,7	88.258,8	59.516,3
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	7.205,8	1.881,4	8.109,5	2.513,2
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	8.973,2	7.941,6	5.981,0	6.818,1
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	–	–	3.119,4	3.518,3
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	657,9	209,9	416,5	112,0
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	522,4	335,9	325,7	266,3

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2007 og 2008¹ (frh.)
 Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories 2007 and 2008¹ (cont.)

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2007		2008	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í milljónum króna fob. <i>Value in million ISK, fob</i>				
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	11.302,2	6.796,7	9.026,0	6.588,2
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	14,7	2,9	71,7	32,4
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	2.061,1	807,9	1.004,1	586,7
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	20.071,8	9.955,2	8.904,2	6.381,9
Fiskmarningur, frystur <i>Mincéd or strained fish, frozen</i>	2.624,7	427,8	1.982,6	446,1
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	809,9	308,2	865,1	423,1
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	–	–	9.318,7	7.207,4
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	2.600,6	503,9	2.462,3	696,2
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	23.752,7	12.646,9	18.832,9	13.999,8
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc</i>	6.941,4	4.721,9	5.515,2	5.492,9
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	970,5	388,4	726,3	489,4
Skreið ² <i>Stock fish²</i>	31,5	23,8	12,2	11,7
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	10.053,4	2.045,7	9.794,5	3.166,6
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	5,2	23,3	1,6	7,6
Lýsi <i>Fish oil</i>	1.776,8	412,3	1.789,2	758,2
Ýsa alls <i>Haddock, total</i>	47.509,5	16.552,1	53.092,1	19.846,9
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	18.739,9	2.884,0	26.209,5	4.630,1
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	6.076,3	4.061,3	5.538,4	4.265,4
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	0,0	0,0	970,2	970,6
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	1.682,4	370,2	1.810,3	332,5
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	582,9	275,1	595,7	377,2
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	6.708,6	3.415,3	5.651,7	3.103,6
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	113,5	20,2	100,3	22,1
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	2.195,2	900,1	1.961,5	1.043,3
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	8.242,5	3.873,5	5.694,1	3.260,3
Fiskmarningur, frystur <i>Mincéd or strained fish, frozen</i>	637,1	89,9	1.110,8	184,8
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	–	–	1.024,6	718,1
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	222,6	66,6	127,2	68,1
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	99,3	31,7	130,7	47,7
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	–	–	72,4	41,2
Skreið ² <i>Stock fish²</i>	1,3	2,1	0,1	0,2
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	2.177,4	436,7	2.062,5	626,5
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	30,5	125,5	32,0	155,2
Ufsi alls <i>Saithe, total</i>	29.795,8	6.045,8	29.923,0	8.865,7
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	1.170,3	99,7	1.225,0	120,5
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	176,1	64,3	256,6	116,3
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	0,0	0,0	124,0	64,5
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	418,8	47,4	504,8	66,0
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	1.881,9	391,2	1.765,6	591,9
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	10.680,8	2.113,3	9.904,3	2.874,6
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	23,7	4,3	62,2	11,8
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	1.773,2	333,3	1.862,3	579,1
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	7.573,9	1.692,9	6.834,7	2.153,4
Fiskmarningur, frystur <i>Mincéd or strained fish, frozen</i>	860,4	86,0	1.060,7	147,7
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	–	–	1.671,9	564,2
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	1.692,6	404,1	1.724,2	789,7

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2007 og 2008¹ (frh.)
 Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories 2007 and 2008¹ (cont.)

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2007		2008	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í milljónum króna fob. <i>Value in million ISK, fob</i>				
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	1.557,9	288,2	1.966,7	488,0
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	975,1	222,3	238,6	71,9
Skreið ² <i>Stock fish²</i>	286,9	161,0	30,4	24,8
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	723,0	135,2	690,0	198,2
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	1,1	2,4	1,2	3,1
Karfi alls <i>Redfish, total</i>	43.917,7	8.189,3	47.382,0	11.747,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	15.181,8	2.004,2	14.962,8	2.178,7
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	1.477,2	771,2	1.820,0	1.151,4
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	–	–	7,0	10,1
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	23.803,6	4.239,5	23.600,7	6.050,2
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	287,3	62,7	1.040,5	194,9
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	288,1	97,1	1.052,9	267,6
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	92,9	20,8	342,4	60,5
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	383,4	130,5	242,4	75,1
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	2.328,2	854,9	4.170,9	1.736,0
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	75,3	8,4	142,3	22,5
Steinbitur alls <i>Catfish, total</i>	7.510,3	1.906,2	6.695,8	2.347,7
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	4.528,7	740,4	4.519,8	1.008,4
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	0,0	0,0	87,4	102,8
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	2,4	1,0	13,9	8,4
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	135,8	40,0	85,5	49,1
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	619,1	167,8	151,0	39,0
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	362,7	154,9	326,5	186,4
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	1.830,3	797,9	1.146,3	688,7
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	31,2	4,2	42,3	8,9
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	–	–	322,9	256,0
Langa alls <i>Ling, total</i>	3.567,0	1.065,6	4.427,6	1.528,2
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	1.080,7	148,9	1.466,0	261,3
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	33,0	11,7	81,0	37,7
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	–	–	6,5	2,2
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	27,8	6,5	0,0	0,0
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	31,5	10,4	55,0	20,6
